

Mál nr 27/2011

Ár 2013, mánudaginn 18. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík

Fyrir var tekið mál nr. 27/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð.

Í erindi kæranda (X) sem siðanefnd móttók 3. október 2011 var farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við lög HRFÍ með því að gerast stofnandi að Spora Hundaræktarfélagi. Kæran var send kærðu til umsagnar og henni gefinn frestur til andsvara til 2. nóvember 2011. Svarbréf barst 24. október sem var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið.

Hinn 6. desember 2011 var haldinn var fundur með deiluaðilum þar sem farið var yfir málið og aftur 7. febrúar 2012 þar sem samkomulag náðist með deiluaðilum þess efnis að kærða kvaðst myndi hætta þátttöku í Spora Hundaræktarfélagi og senda siðanefnd staðfestingu þar um. Að því fengnu myndi kærandi afturkalla kæruna. Kærða virti ekki samkomulagið og var henni send ítrekun og gefinn viðbótarfrestur til 1. maí 2012 þar sem henni var tilkynnt að yrði samkomulagið ekki virt fyrir tilgreindan frest þá yrði málið tekið til úrskurðar. Kærða virti ekki þennan viðbótarfrest og ákvað siðanefnd að úrskurða í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá RSK var Spori Hundaræktarfélag kt. 580711-1030 stofnað 1. júní 2011. Fram kemur í stofngögnum að kærða Y er einn stofnenda félagsins og meðstjórnandi í stjórn félagsins. Skv. skráningu í fyrirtækjaskrá RSK er tilgangur félagsins að sameina hundaáhugamenn og efla hundamenningu á Íslandi og á heimasíðu félagsins kemur fram að félagið sé aðili UKC (United Kennel Club). Einnig kemur þar fram að markmið Spora Hundaræktarfélags sé að efla hundamenningu, halda sýningar og ættbókarfæra hreinræktaða hunda. Kærandi telur að með þátttöku sinni í stofnun og stjórn félagsins hafi kærða brotið gegn lögum HRFÍ. Í andsvari kærðu óskaði hún eftir fundi með siðanefnd þar sem henni yrði kynnt nánar hver brot hennar væru þar eð henni þætti það ekki nógu skýrt í kærinni. Til vara hafnaði hún öllum ásökunum sem á hana væru bornar. Samkvæmt málsmeðferðarreglum siðanefndar og lögum HRFÍ ber siðanefnd að leita sátta með deiluaðilum og var haldinn fundur 6. desember 2011. Á fundinum var kærða eindregið hvött til þess að hætta þátttöku sinni í Spora Hundaræktarfélagi því vera hennar þar gengi gegn lögum HRFÍ. Ekki náðust sættir á fundinum og varð það að samkomulagi að haldinn yrði annar fundur með

deiluaðilum 7. febrúar 2012. Á þeim fundi varð samkomulag um það að kærða segði sig úr félaginu Spora Hundaræktarfélagi og myndi senda staðfestingu þar um til siðanefndar. Samþykkti kærandi þá að afturkalla kærana. Kærða virti ekki samkomulagið þrátt fyrir ítrekun og framlengdan frest.

II. Forsendur.

Í lögum HRFÍ grein 2. segir: Markmið HRFÍ er að: a) beita sér fyrir hreinræktun og kynbótum hundakynja sem viðurkennd eru af Alþjóðasambandi hundaræktarféлага (Fédération Cynologique Internationale, F.C.I)” og í grein 3. Segir: „Til þess að ná fram markmiðum sínum skal HRFÍ: a) Ættbókarfærahreinræktaða hunda í ættbók Hundaræktarfélags Íslands samkvæmt þeim reglum sem stjórn félagsins setur og þeim kröfum sem FCI gerir til aðildarfélaga sinna um ættbókarskráningar.

FCI viðurkennir einungis eitt aðildarfélag í hverju landi og HRFÍ sem aðildarfélag að FCI lýtur sömu lögum. Spori Hundaræktarfélag sem aðili að UKC fer gegn ræktunarmarkmiðum FCI og samþykkir hundategundir sem ekki eru viðurkenndar af FCI. Stofnun slíks félags er í andstöðu við markmið HRFÍ og vísast í því sambandi til fordæmis í máli af sama toga sem úrskurðað var á síðasta ári.

Félagsmaður í HRFÍ sem jafnframt er stofnandi í Spora Hundaræktarfélagi hefur því brotið gegn I kafla laga HRFÍ, grein 2a) og 3a).

Samkvæmt grein 5.a) í lögum Hundaræktarfélags Íslands segir „Félagsmenn geta allir þeir orðið sem áhuga hafa á málefnum HRFÍ og eru ekki félagsmenn í öðrum félögum sem vinna á móti HRFÍ og markmiðum þess.” Með þátttöku í stofnun Spora Hundaræktarfélags sem aðildarfélags UKC er óumdeilt að kærða hefur með háttsemi sinni unnið gegn HRFÍ og markmiðum þess.

Félagsmaður í HRFÍ sem jafnframt er stofnandi í Spora Hundaræktarfélagi og stjórnarmaður þess hefur brotið gegn I kafla laga HRFÍ, grein 5 a).

III. Niðurstaða.

Kærða Y telst hafa brotið gegn I kafla laga Hundaræktarfélags Íslands, grein 2a,3a og 5a. Kærðu Y er vísað úr félaginu í 2 ár að telja frá birtingu úrskurðar þessa en að þeim tíma liðnum getur hún sótt um félagsaðild að nýju, hafi hún fullnægt þeim kröfum sem HRFÍ setur.

f.h. siðanefndar

Sign: Guðríður Valgeirsdóttir, Hilmar Sigurgíslason, Kristín Sveinbjarnardóttir